

Fundargerð 46. fundar stjórnar Reykjanes jarðvangs ses., haldinn 5. október 2018, kl. 9:00 í fundarsal SSS, Skógarbraut 945 í Reykjanesbæ.

Mætt eru: Ásgeir Eiríksson, Magnús Stefánsson, Fannar Jónasson, Sigurgestur Guðlaugsson, Berglind Kristinsdóttir, Sigrún Ásta Elefsen og Kristín Vala Matthíasdóttir

Forföll boðaði: Árni Sigfússon

Starfsmenn: Eggert Sólberg Jónsson

1. Stjórn skiptir með sér verkum

Ásgeir Eiríksson kjörinn formaður stjórnar og Magnús Stefánsson varaformaður.

2. Ákvörðun um árgjald 2019

Verkefnastjóra falið að leggja fram tillögu að árgjöldum á næsta fundi stjórnar þar sem miðað er við 3% hækkun á framlögum milli ára.

3. Starfs- og fjárhagsáætlun 2019

Rætt um starfs- og fjárhagsáætlun fyrir árið 2019. Verkefnastjóra falið að leggja fram drög á næsta fundi stjórnar.

4. Framkvæmdir við áningarstaði

Rætt um fyrirhugaða þjónustumiðstöð við Reykjanesvita.

Gunnhver og Eldvörp eru á landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum 2018-2020. Umhverfis- og auðlindaráðuneytið hefur samþykkt kostnaðar- og verkáætlun vegna frekari framkvæmda við Gunnhver að upphæð 15 milljónir króna. Stefnt er að verklokum í desember.

Kanon arkitektar hafa lagt fram tillögu að breytingum á deiliskipulagi á Garðskaga.

5. Umsóknir í Framkvæmdasjóð ferðamannastaða

Rætt um mögulegar umsóknir í Framkvæmdasjóð ferðamannastaða. Verkefnastjóra falið að sækja um styrki til skipulags- og hönnunarvinnu við Garðskagavita, hönnunar og framkvæmda við Valahnúk, undirbúnings vegna göngustíga í tengslum við talsmenn og framkvæmda við hjólreiðastíg milli Keflavíkurflugvallar og höfuðborgarsvæðisins.

6. Úttektarferli vegna UNESCO viðurkenningar

Verkefnastjóri sagði frá því ferli sem hafið er vegna endurnýjunar viðurkenningar UNESCO á Reykjanes Geopark. UNESCO fékk senda stutta yfirlýsingu í júní sl. Íslenska UNESCO nefndin þarf að skila inn ítarlegri áfangaskýrslu í janúar 2019. Úttektaraðilar á vegum UNESCO heimsækja Reykjanes Geopark sumarið 2019. Niðurstaða úr úttektarferlinu mun liggja fyrir vorið 2020.



7. Aðild GeoCamp Iceland að Reykjanes Geopark

Verkefnastjóri sagði frá viðræðum sínum við forsvarsmenn GeoCamp Iceland. Stjórnin fagnar áhuga fyrirtækisins á aðild að Reykjanes Geopark og felur formanni og verkefnastjóra að halda viðræðum áfram.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:45.

Fundargerð ritaði: ESJ